

AUGLÝSING

**um samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu
Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og
efnahagslögsögu Íslands á árinu 2010.**

Hinn 22. október 2009 var undirritað í Lundúnum samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2010. Með ályktun 18. maí 2010 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir
innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen
og efnahagslögsögu Íslands.

Í samræmi við 3. mgr. sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2010 milli Íslands, Evrópu-bandalagsins, Færeyja, Noregs og Rússneska sambandsríkisins 22. október 2009 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 2010 heimilt að veiða 215.183 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 40.041 lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er á árinu 2010 heimilt að veiða allt að 104.273 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands.

Í því tilviki að íslensk fiskiskip veiða minna en 29.660 lestir af síld í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N á árinu 2010 mun Noregur færa 1.483 lestir af síldarkvóta sínum á árinu 2011 til Íslands.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í London 22. október 2009.

Fyrir hönd íslensku
sendinefndarinnar:

Hrefna Karlsdóttir

Fyrir hönd norsku
sendinefndarinnar:

Sigrun M. Holst

ARRANGEMENT
between Iceland and Norway on Access to the Norwegian Economic Zone North of 62°N,
the Fishery Zone around Jan Mayen and the Icelandic Exclusive Economic Zone

In accordance with paragraph 3 of the Agreed Record of Conclusion of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2010 between Iceland, the European Community, the Faroe Islands, Norway and the Russian Federation of 22 October 2009, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 2010 to fish 215,183 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62°N, of which a maximum of 40,041 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62°N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 2010 to fish 104,273 tonnes of herring in the Icelandic Exclusive Economic Zone.

In the event that Icelandic fishing vessels catch less than 29,660 tonnes of herring in the Norwegian Economic Zone north of 62°N during 2010, Norway will transfer 1,483 tonnes of its herring quota for 2011 to Iceland.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at London, 22 October 2009

For the Icelandic
Delegation

Hrefna KARLSDÓTTIR

For the Norwegian
Delegation

Sigrun M. HOLST
